

## 9. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að býli eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1 880,00 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlýta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## 12. gr.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1989 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 309, 16. júní 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. apríl 1989.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Selfoss.

#### I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

- |   |         |          |
|---|---------|----------|
| 1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns . . . . .                    | kr.     | 30,76    |
| 2. Um hemil fyrir hvern mínútufltra á hámarksstillingu hemils . . . . . | kr./ári | 8 468,00 |

Minnsta magn vatns sé fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnaði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>, en fyrir iðnaðarhúsnaði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnaðis.

**II. Mælaleiga.**

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ "	kr.	4 056,00
2. Fyrir mæla eða hemla 1"-2"	kr.	5 701,00

**III. Heimæðargjald.**

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m <sup>3</sup>	kr.	48 714,00
hver m <sup>3</sup> yfir 400 að 2000 m <sup>3</sup>	kr./m <sup>3</sup>	41,68
Fyrir 2000 m <sup>3</sup>	kr.	114 492,00
hvern m <sup>3</sup> þar yfir	kr./m <sup>3</sup>	34,50

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 9 460,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

**IV. Opnunargjald.**

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 1 300,00.

**V. Ýmis ákvæði.**

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 1 550,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 626,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. apríl 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 135, 30. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 312, 21. júní 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1989.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*